

## EFTA-dómstóllinn: Bann við áfengisauglýsingum getur samræmst EES-samningnum

EFTA-dómstóllinn gaf í dag út ráðgefandi álit þar sem fram kemur að í banni við áfengisauglýsingum felist hindrun í vegi viðskipta með vörur og þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu en með hliðsjón af heilsuverndarsjónarmiðum kunni slíkt bann eigi að síður að vera réttlæt看legt.

Tildrög þessa máls eru þau að útgefendur norska tímaritsins Vinforum birtu í desemberhefti tímaritsins árið 2003 auglýsingar á frönskum og spænskum vínunum. Í kjölfarið voru útgefendur tímaritsins sektaðir af norskum stjórnvöldum fyrir að hafa brotið gegn ákvæðum norsku áfengislöggjafarinnar sem banna áfengisauglýsingar. Sektarákvörðuninni var skotið til svonefnds Markaðsráðs í Noregi sem er sjálfstæð úrskurðarnefnd um mál af þessu tagi.

Markaðsráðið óskaði í kjölfarið eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins um hvort bann við áfengisauglýsingum samkvæmt norsku áfengislöggjöfnni samræmst EES-samningnum. Í svari EFTA-dómstólsins kemur m.a. fram að í banni við auglýsingum á áfengi felist takmarkanir á frelsi til að stunda viðskipti með vörur og þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu. Hins vegar telur dómstóllinn að viðhalda megi slíku banni með skírskotun til verndar almannaheilbrigðis, nema ef ljóst þyki að ná megi fram sömu markmiðum eftir öðrum leiðum sem ekki fela í sér sambærilegar hindranir í viðskiptum á Evrópska efnahagssvæðinu. Hins vegar leggur EFTA-dómstóllinn áherslu á að það sé hlutverk innlendra dómstóla að meta hvort bann við áfengisauglýsingum í löggjöf einstakra EFTA-ríkja samræmist EES-samningnum, enda séu innlendir dómstólar í betri aðstöðu til þess að meta aðstæður í hverju EFTA-ríki fyrir sig.

Í áliti sínu ítrekar EFTA-dómstóllinn jafnframt að viðskipti með vín falli utan gildissviðs EES-samningsins. Sömu sögu sé að segja um þjónustu sem tengist viðskiptum með vín, þ.m.t. vínauglýsingar. Álitíð má nálgast óstýtt á heimasíðu EFTA-dómstólsins á vefslóðinni: <http://www.eftacourt.lu/decidedcases.asp>

## Markaðstækifæri í orku- og umhverfisgreinum í Japan fyrir íslensk og norræn fyrirtæki

Niðurstöður fimm markaðsrannsókna í orkumálum,

sem sendiráð Norðurlandanna í Japan létu gera á síðasta ári, voru kynntar 11. febrúar sl. á ráðstefnu sem Útflutningsráð Íslands og Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins, VUR, stóðu fyrir með þátttöku sendiráðs Íslands í Tókýó. Megin niðurstöður rannsókna benda til þess að norræn fyrirtæki geti nýtt sér markaðstækifæri í afmörkuðum greinum umhverfisvænna orkumiðla í Japan.

Á ráðstefnunni kom m.a. fram að Japan er annað stærsta hagkerfi heims og leggja Japanir nú kapp á að ná markmiðum Kýótó-bókunarinnar um takmarkanir á útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Fjárfestingu er því beint í umhverfisvænar lausnir í orkumálum sem geta skapað norrænum fyrirtækjum aðkomu með samstarfi við japönsk fyrirtæki.

Í lokakafla skýrslunnar er í meginráttum bent á helstu tækifæri sem bjóðast. Norrænu sendiráðin hafa lýst áhuga á því að efna til viðskiptafunda í Japan milli áhugasamra norrænna og japanska aðila um viðskipti innan þessara greina. Enn er óvíst hvenær slík ferð yrði farin en líklegt er að það yrði á síðari hluta þessa árs. Þá hefur einnig verið um það rætt að gefa norrænum fyrirtækjum kost á samvinnu um markaðssókn í Japan með tilstyrk viðskiptaskrifstofa sendiráða Norðurlandanna í Tókýó. Þeim sem vilja kynna sér orkuskýrslurnar og niðurstöður þeirra er bent á að hafa samband við Svanhvíti Aðalsteinsdóttur hjá Útflutningsráði Íslands í síma 511 4000 eða á vef Útflutningsráðs, [www.utflutningsrad.is](http://www.utflutningsrad.is)

## Of margar skammstafanir? Orðasafn WTO á netinu

ACP, DSB, G7, G77, EST, CAP....?

Það eru ekki ný sannindi að í kringum alþjóðastofnanir vill verða til heill heimur af skammstöfunum heita og hugtaka sem erfitt getur verið fyrir utanaðkomandi að átta sig á. Þeir sem fylgjast með störfum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) vita að þetta á ekki hvað síst við um starfsemi þeirrar stofnunar.

Stofnunin hefur nú birt á heimasíðu sinni orðasafn sem er ætlað að skýra tungutak WTO eða „WTO speak.“ Orðasafninu er ætlað að vera lykill að því að skilja hugtök sem eru notuð innan WTO og í alþjóðaviðskiptum. Þegar smellt er á tiltekið heiti birtist útskýring í litlum glugga á skjánum og þarf ekki að efa að um kærkomna upplýsingaveitu er að ræða fyrir marga. Orðasafn WTO má nálgast á eftirfarandi vefslóð:

[http://www.wto.org/english/thewto\\_e/glossary\\_e/glossary\\_e.htm](http://www.wto.org/english/thewto_e/glossary_e/glossary_e.htm)